

P I N G G E R Ð

11. Á R S Þ I N G S

K Ö R F U K N A T T L E I K S S A M B A N D S I S L A N D S

1 9 7 1

P I N G G E R ð

Árspings Körfuknattleikssambands Íslands,
haldið að Hótel Esju dagana 22. og 23. janúar

1 9 7 2

Formaður K.K.Í. Hólmsteinn Sigurðsson setti þingið og bauð fulltrúa velkomna. Síðan bað hann Guðmund Þorsteinsson að taka við fundarstjórn.

Fyrst var kosið í nefndir, eftirtaldir hlutu kosningu:

Kjörbréfanefnd:

Ingvar Sigurbjörnsson
Einar Bollason
Örn Harðarson

Fjárhagsnefnd:

Hólmsteinn Sigurðsson
Þorvaldur Blöndal
Sigurður Jónsson.

Laga- og leikreglanefnd:

Stefán Þórarinsson
Erlendur Eysteinnsson
Kristinn Stefánsson

Allsherjarnefnd:

Jón Sigurðsson
Snorri Þorvaldsson
Gylfi Kristjánsson

Kjörbréfanefnd tók þegar til starfa.

Formaður K.K.Í. Hólmsteinn Sigurðsson flutti skýrslu fráfarandi stjórnar. Skýrslan lá prentuð fyrir fundarmönnum, og vísast til hennar.

Skýrsla Landsliðsnefndar	-	vísast	til	ársskýrslu.
Skýrsla Útbreiðslunefndar	-	"	"	"
Íslandsmót	-	"	"	"

Fundarstjóri þakkaði formanni skýrslu.

Kjörbréfanefnd hafði lokið störfum og gerði Ingvar Sigur-
björnsson grein fyrir störfum nefndarinnar. Kjörbréf
bárust frá 6 Héraðssamböndum og voru þau öll samþykkt.
Alls höfðu 19 fulltrúar atkvæðisrétt.

Frá K.K.R.R.

Snorri Þorvaldsson
Jón Sigurðsson
Örn Harðarson
Þórir Magnússon
Bjarni Gunnar Sveinsson
Einar Bollason
Kristinn Stefánsson
Sófus Guðjónsson
Þorvaldur Blöndal
Sigurður Jónsson
Erlendur Eysteinnsson
Gylfi Kristjánsson
Hólmsteinn Sigurðsson

Frá Íþróttabandalagi Hafnarfjarðar:

Guðmundur Þorsteinsson

Frá Ungmennasambandi Kjalarnespings:

Kristján Norðdal.

Frá Íþróttabandalagi Akureyrar:

Arnar Einarsson
Hörður Túliníus
Guttormur Ólafsson

Frá Körfuknattleiksráði Akraness:

Jóhann Jóhannsson.

ÁRSSKÝRSLA OG REIKNINGAR.

Fundarstjóri lagði til, að lesnir yrðu reikningar K.K.I.
og umræður færu síðan fram í einu lagi um skýrslu stjórnar
og reikninga. - Var það samþykkt.

Hólmsteinn Sigurðsson las síðan reikninga og skýrði.

UMRÆÐUR.

Hörður Túliníus spurðist fyrir um afskriftir af auglýsingum
frá Evrópumeistarariðli Unglinga, sem haldinn var hér árið
1969. - Hólmsteinn Sigurðsson svaraði fyrirspurn Harðar og
gerði grein fyrir afskrift þessari.

Hörður tók til máls á ný, og gerði nú fyrirspurn vegna Afmælisrits K.K.Í. - Spurðist hann fyrir um það hve mörg % auglýsinganna hefðu komið frá Akureyri og síðan átalði hann mjög vinnubrögð í sambandi við dreifingu blaðsins. Sagði hann að blaðið væri ekki enn farið að sjást á Akureyri.

Einar Bollason varð fyrir svörum. Hann svaraði fyrri lið spurningu Harðar á þann veg, að um það bil 4% allra auglýsinga í blaðinu hefðu komið frá Akureyri. Í sambandi við dreifingu blaðsins varð fátta um varnir og "greinilegt er" sagði Einar, "að einhver slæmur misskilningur hefur átt sér stað í sambandi við dreifinguna".

Guðmundur Þorsteinsson ræddi um störf Útbreiðslunefndar. Hann þakkaði nefndinni mikil störf í Hafnarfirði. Gat hann þess síðan, að sér finndist störf nefndarinnar ekki nógu mikil. Þá ræddi hann um blaðanefnd og blaðafulltrúa og hvatti til að betur yrði haldið á þeim málum sem tilheyrðu þessum embættum. Síðan ræddi hann sérstaklega um afskiptaleysi Útvarpsins af körfuknattleiknum og lagði áherzlu á að þessi mál yrðu tekin fastari tökum í framtíðinni.

Frekari umræður urðu ekki um skýrslu stjórnar og reikninga og var hvorttveggja síðan samþykkt samhljóða.

MINNI BOLTINN.

Guðmundur Þorsteinsson flutti þinginu kveðjur Boga Þorsteinssonar sem ekki gat setið þingið sökum ófærðar. Í forföllum Boga gerði Guðmundur síðan stutta grein fyrir störfum MINNI-BOLTA- nefndar á árinu.

Kom þar fram, að nefndinni hafði reynst öruggt að starfa eins og fyrirhugað hafði verið, og var því fyrst og fremst um að kenna að ýmsir aðilar sem nefndin hafði hugað á samstarf við brugðust algjörlega. Þess vegna voru störf nefndarinnar ekki jafn mikil og skyldi.

LÖGÐ FRAM FJÁRHAGSÁÆTLUN FYRIR ÁRIÐ 1972.

Hólmsteinn Sigurðsson lagði fram fjárhagsáætlunina sem lá prentuð fyrir fundarmönnum. Var henni vísað til fjárhagsnefndar.

LAGA- OG LEIKREGLNABREYTINGAR.

Fundarstjóri gerði grein fyrir einu breytingartillögunni sem lá fyrir þinginu. Tillögu að starfsreglum fyrir Aganefnd Körfuknattleikssambandsins. Tillagan lá prentuð fyrir fundarmönnum.

Miklar umræður urðu um tillöguna og tóku eftirtaldir til máls:

Ingvar Sigurbjörnsson	Erlendur Eysteinnsson
Arnar Einarsson	Jón Sigurðsson
Einar Bollason	Þórir Magnússon
Kristinn Stefánsson	Guðmundur Þorsteinsson

Að umræðum loknum var tillögunni vísað til Laga- og leikreglnanefndar.

ÖNNUR MÁL.

Hólmsteinn Sigurðsson gerði grein fyrir tillögu stjórnar K.K.I., vegna breytinga á áhugamannareglum. Þær lágu prentaðar fyrir fulltrúum.

Talsverðar umræður urðu síðan um ýmis atriði í tillögunum, einkum þó 2. gr. d um auglýsingarstarfsemi og um 4. gr. um ferða og vasapeninga.

Vísað til allsherjarnefndar.

2. mál.

Frumvarp að reglugerð um auglýsingar á búningum og útbúnaði körfuknattleiksmanna.

Miklar og fjörugar umræður urðu um þessa tillögu og að þeim loknum var henni vísað til Allsherjarnefndar.

FUNDI FRESTAÐ.

Fundi var fram haldið 23. janúar og var fyrsti liður á dagskrá:

NEFNDARÁLIT.

Allsherjarnefnd:

Jón Sigurðsson hafði orð fyrir nefndinni. Lagði nefndin til að tillaga stjórnar K.K.I. um áhugamannareglur yrði samþykkt óbreytt. - Samþykkt -.

Körfuknattleiksþing 1972.

Frumvarp

að áhugamannareglum K.K.Í.

1. grein.

Áhugamaður má ekki veita viðtöku peningum eða jafngildi peringa og heldur ekki verða sér úti um fjárhagslegan ábata með þátttöku sinni í íþróttum. Verðlaunagripir eru þó undanskildir þessu atriði.

2. grein.

Án samþykkis körfuknattleikssambandsins er áhugamanna óheimilt að taka þátt í eftirfarandi:

- a) Keppni eða sýningum þar sem hagnaðurinn rennur til einkaaðila eða annara aðila, sem ekki eru tengdir íþróttahreyfingunni.
- b) Keppni sem atvinnumenn taka þátt í.
- c) Keppni þar sem einhver veðmál eru leyfð.
- d) Í auglýsingastarfsemi sem einstaklingur,

3. grein.

Áhugamaður má ekki veita viðtöku verðlaunum, sem eru svo verðmæt, að þau eru í ósamræmi við eðli keppinnar. Eigi má veita viðtöku verðlaunum í peningum eða neyzluvörum. Óheimilt er að veðsetja verðlaunagripni. Stjórn K.K.Í. sér um að ákvæði þessu sé fylgt.

4. grein.

Heimilt er að veita viðtöku ferða- og dvalarkostnaði vegna þátttöku í íþróttamótum, ennfremur vegna dvalar í æfingabúðum og á námskeiðum. Vegna þátttöku í íþróttamótum erlendis, svo og vegna þátttöku í alþjóðamótum eða landskeppni innanlands er heimilt að greiða sanngjarna vasapeninga. Sambandsstjórnin ákveður upphæðir, sem fullnægja eiga útgjöldum vegna ferða og dvalarkostnaðar.

5. grein.

Innan marka alþjóða samþykkt er áhugamönnum, sem taka þátt í sameiginlegum íþróttamótum, æfingabúðum og námskeiðum heimilt að veita viðtöku greiðslu vegna vinnutaps eða utgjalda vegna staðgengils. Greiðslan má ekki vera hærri en sem svarar til tapaðra vinnulauna eða útlagðs kostnaðar vegna staðgengils. Greiðslur þessar skulu háðar samþykki sambandsstjórnar í hverju einstöku tilviki.

6. grein.

Þjálfara er heimilt að taka hóflega greiðslu fyrir störf sín sem slíkur.

7. grein.

Sambandsstjórnin úrskurðar um brot á áhugamannareglum, en úrskurði hennar má áfrýja til framkvæmdastjórnar Í.S.Í. Óski atvinnuíþróttamaður eftir að öðlast áhugamannaréttindi á ný getur sambandsstjórnin veitt þau á ný, þó eigi fyrr en 6 mánuðum eftir að atvinnumenskunni lauk.

8. grein.

Þessar reglur hindra ekki, að áhugamaður geti keppt í öðru landi í samræmi við þar gildandi áhugamannareglur (og sé þá háður áhugamannareglum er þar gilda). Þó verður hann ætíð að hlíta reglum 1, 4 og 5.

9. grein.

Atvinnumaður í annarri íþróttagrein er ekki hlutgengur til keppni sem áhugamaður í körfuknattleik.

Allsherjarnefnd lagði til að reglur varðandi auglýsingar yrðu samþykktar en þó með einum fyrirvara (eða breytingu).

Að tillagan verði samþykkt, en þó með þeim fyrirvara að stjórn K.K.Í. muni veita félögunum leyfi til auglýsinga þegar það liggur beinast fyrir að álitum stjórnarinnar.
- Samþykkt - .

Körfuknattleiksþing 1972.

Frumvarp að

Reglugerð varðandi auglýsingar á búningum og búnaði
körfuknattleiksliða.

1. Auglýsingin má aðeins varða vörutegundir eða þjónustu, sem ekki vinna gegn hugsjónum íþróttanna. Hvatningarorð verða ekki samþykkt.
2. Hæð auglýsingar má í mesta lagi vera 15 cm.
3. Auglýsingar má aðeins setja á keppnis- og/eða æfingapeysur, skó og töskur (ekki buxur).
4. Umsóknir um staðfestingu á auglýsingasamningi skulu sendar til K.K.Í. í tveim eintökum á þar til gerðum eyðublöðum, ásamt afriti af samningsuppkasti. Staðfestingarþóknun K.K.Í. er kr. 1.000.-. (Athygli skal vakin á því, að fánleg eru hjá K.K.Í. frumdrög af auglýsingasamningi til hliðsjónar fyrir samningsaðila).
5. K.K.Í. tekur enga ábyrgð á sig gagnvart viðkomandi samningsaðilum, sem hafa samið auglýsingatillögu, ef nauðsyn bærir til að breyta eða vísa tillögunni frá.
6. Af auglýsingatekjum skal greiða 5% gjald til K.K.Í. ekki síðar en 14 dögum eftir móttöku greiðslu. Tekjum K.K.Í. af gjaldi þessu skal varið til útbreiðslustarfsemi körfuknattleiksíþróttarinnar.
7. Upphæð þá, sem félagið hlýtur fyrir auglýsingu má aðeins nota til starfsemi félagsins og má í engum tilvikum greiða leikmönnum eða leiðtogum. K.K.Í. áskilur sér rétt til að fylgjast með því, að þessari reglu sé fylgt, enda skulu tekjur af auglýsingum þessum greinilega koma fram í reikningum félagsins.
8. Ef reglur þessar eru brotnar, getur dómstóll K.K.Í. dæmt félagi eða félögum þess, allt eftir eðli brotsins, áminningu, ávítur eða að greiða skaðabætur. Í mjög grófum eða endurteknum tilvikum skal úrskurða útilokun frá keppni.

Fjárhagsnefnd:

Fjárhagsnefnd lagði til, að fjárhagsáætlunin yrði samþykkt eins og hún lægi fyrir fundinum. - Samþykkt - .

Fjárhagsáætlun K.K.I. fyrir árið 1972.

TEKJUR:

Útbreiðslustyrkur	Kr.	220.000.00
Skatthluti	"	6.000.00
Styrkur frá Í.B.R.	"	25.000.00
Tekjur af Islandsmóti	"	50.000.00
Aðrar tekjur	"	99.000.00
	Kr.	400.000.00

GJÖLD:

1. Kennsla og þjálfun landsliða.	Kr.	50.000.00
Námskeið	"	25.000.00
1.b. Boltar	"	10.000.00
Búningar	"	15.000.00
2. Þátttaka í Polar Cup	"	225.000.00
3. Stjórnarkostnaður	"	60.000.00
4. Ýmis kostnaður	"	15.000.00
	Kr.	400.000.00

Laga- og leikreglanefnd:

Nefndin hafði greinilega lagt mikla vinnu í að yfirfara tillögur um stofnun Aganefndar, og höfðu verið gerðar miklar smábreytingar á tillögunni. Að nokkrum umræðum loknum voru starfsreglur Aganefndar samþykktar með þessum breytingum.

STARFSREGLUR FYRIR AGANEFND K.K.Í.

1. grein.

Aganefnd skal skipuð þremur mönnum og einum til vara. Sér stjórn K.K.Í. um tilnefningu þeirra. Í nefndinni skulu hvorki vera starfandi dómara, leikmenn eða þjálfara.

2. grein.

Verkefni aganefndar skal vera að kveða upp úrskurði í þeim kærumálum, sem skotið er til hennar.

3. grein.

Aganefnd skal fjalla um brot leikmanna, þjálfara og aðstoðarmanna þeirra, og foryztumanna félaga.

4. grein.

Úrskurði aganefndar verður ekki áfrýjað.

5. grein.

Munnlegur málflutningur er aðeins heimill, þegar brot geta varðað við 4. og 5. lið 6. greinar. - Þegar slíkt er heimilt skal aganefnd tilkynna aðilum fyrirtekt málsins með þriggja sólarhringa fyrirvara, og skal aðili þá flytja vörn sína, og á ekki kost á frekari fresti.

6. grein.

- 1) Öllum starfsmönnum leiks er heimilt að kæra, en dómari skal koma kærurni til aganefndar. Kæra er heimil geri leikmaður, þjálfari eða aðstoðarmenn hans, eða foryztumenn félags sig seka um:
 - a) að gagnrýna ákvarðanir dómara.
 - b) að viðhafa meiðandi eða niðrandi ummæli um leikmenn, starfsmenn eða áhorfendur
 - c) sérlega grófan leik
 - d) aðra minni háttar óþrúðmannlega framkomu, sem veita skal áminningu fyrir, nema þegar um ítrekuð brot er að ræða, en þá skal koma til leikbann í einum leik.

- 2) Viðurlög: Fyrir þessi brot skal refsa með leikbanni í einum leik, og sé um endurtekin brot að ræða, skal leikbannið vera minnst tveir leikir.
- 3) Sjái dómari sig tilneyddan að víkja leikmanni af velli fyrir alvarleg eða ítrekuð brot á a, b eða c liðum 1. töluliðs 6. greinar, skal honum refsað með leikbanni í tvo leiki, og ef um endurtekin brot er að ræða, skal refsingin vera minnst fjögurra leikja bann.
- 4) Hafi dómari vikið leikmanni af leikvelli fyrir ofbeldi gagnvart leikmanni, starfsmönnum eða áhorfendum, skal honum refsað með leikbanni í minnst þrjá leiki. Við ítrekun komi minnst 6 leikja bann.
- 5) Hafi dómari vikið leikmanni af leikvelli fyrir ofbeldi, sem telst alvarlegs eðlis, gagnvart leikmanni, starfsmönnum eða áhorfendum, skal honum refsað með leikbanni í ótiltekinn tíma, og ef um ítrekun er að ræða, gæti refsingin orðið, ef um mjög alvarlegt brot er að ræða, lífstíðarleikbann.
- 6) Refsingar aganefndar er aðeins hægt að taka út í leikjum Íslandsmóts, Bikarkeppni, Reykjavíkurmóts eða hliðstæðra móta og öðrum opinberum keppnum, viðurkenndum af stjórn K.K.I.
- 7) Þegar leikmaður má leika með tveimur eða fleiri flokkum á sama leiktímabili, tekur refsingin aðeins til leikja í þeim flokki, sem brotið var framið í, nema aganefnd ákveði annað.
- 8) Heilt lið brýtur af sér ef það yfirgefur leikvöll í mótmælaskyni, eða neitar að halda leik áfram. Refsing við því getur orðið, auk þess sem körfuknattleiksreglurnar mæla fyrir um, brottrekstur úr keppni, leikbann á alla leikmenn liðsins, og sektir.
- 9) Gerist áhorfendur sekir um vítaverða eða hættulega framkomu gagnvart leikmönnum eða dómurum, er heimilt að svipta það lið, sem leikurinn er leikinn hjá, næsta eða næstu heimaleikjum, þar til öryggis leikmanna og starfsmanna telst tryggt.
- 10) Brot framin á einu leiktímabili hafa ítrekunaráhrif á því næsta, en ekki lengur.

7. grein.

Kæra skal vera skrifleg og skal dómari koma henni eða tilkynningu um hana til aganefndar innan sólarhrings frá því brotið er framið.

8. grein.

Kæror, skulu teknar til úrskurðar innan þriggja sólarhringa frá því að kæra berst til aganefndar (sjá þó 5. grein). Skal leikbann, ef um það er að ræða, koma til framkvæmda í næsta leik eftir að aganefnd hefur kveðið upp úrskurð sinn. Eigi kærandur leikmaður leik innan 3ja sólarhringa frá því kæra berzt, skal, ef unnt er ljúka máli hans fyrir þann leik.

Reykjavík, 27. janúar 1972.

ÖNNUR MÁL.

Guðmundur Þorsteinsson gerði landsliðið að umtalsefni. Gat hann þess, að landsliðið væri andlit íþróttarinnar út á við, og við þyrftum að sýna landsliðinu mikinn áhuga. Félögin hefðu ekki sýnt landsliðinu nægan áhuga hingað til, en strax og landsliðið færi að ná betri árangri í keppni, myndi áhugi almennings á íþróttinni aukast.

Einar Bollason ræddi um málefni K.K.I. almennt og þá einna helst um dómara og fjármál.

Hörður Túliníus ræddi um dómaramál og bar fram tillögu í sambandi við dómarskipti. Sjá fylgiskjal no. 1.

KOSNING.

Í Körfuknattleiksdómstól var kosinn til þriggja ára Tómas Zoega og til vara Grímur Valdimarsson. Fyrir voru í dómstólnum, Einar Oddsson, til eins árs (til vara: Jón Otti Ólafsson), til 2ja ára Helgi Ágústsson (til vara: Gunnar Gunnarsson).

Kosin stjórn K.K.I. fyrir næsta starfsár.

Stungið var upp á Hólmsteini Sigurðssyni sem formanni og var hann kjörinn með lófataki.

Aðrir í stjórn voru kosnir:

Bjarni Gunnar Sveinsson
Birgir Guðbjörnsson
Björn Jóhannsson
Gylfi Kristjánsson

Í varastjórn:

Hörður Túliníus og Stefán Þórarinnsson

Endurskoðendur: Þráinn Scheving
Þórir Guðmundsson

og til vara: Gunnar Torfason.

Kosningu fulltrúa á Íþróttabing vísað til stjórnar.

Hólmsteinn Sigurðsson endurkjörinn formaður K.K.I. tók til máls og þakkaði hið mikla traust sem sér sýnt með því að endurkjósa hann formann. Hann þakkaði Guðmundi Þorsteinsyni góða fundarstjórn.

Guðmundur Þorsteinsson sagði síðan 11. Ársþing K.K.I. slitið.

FUNDI SLITIÐ.

Guðmundur Þorsteinsson (sign.)
fundarstjóri.

Gylfi Kristjánsson (sign.)
fundarritari.

FYLGISKJAL NO: 1.

TILLAGA FRÁ HERÐI TÚLINÍUS.

II. ársþing Körfuknattleikssambandsins skorar á næstu stjórn K.K.Í. að beita sér fyrir endurreisn K.K.D.Í. sem legið hefur niðri um nokkurt skeið. K.K.D.Í. sér um að skipa dómara á leiki.

Sé dómari sendur til starfa utan síns heimahéraðs, skal kostnaður hans greiddur af þeim aðila sem annast framkvæmd viðkomandi leikja.

Samþykkt einróma.

